

Vinnuverndarstefna

Dæmi um vinnuverndarstefnu

Þessi stefna gildir hjá fyrirtækinu:	(Nafn fyrirtækis) Verktakafyrirtækið Rondo R
Hver ber ábyrgð á að stefnu fyrirtækis sé fylgt eftir í daglegum rekstri:	Nafn ábyrgðaraðila dags. Leifur Gústafsson (LG) 28.05'10 forstjóri og Guðlaugur Kristjánsson (GK) verkstjóri

Vinnuverndarstefna	Ábyrgð á: (Nafn/starfsheiti)	Hvernig gert, stutt lýsing
Tryggjum öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi og komum í veg fyrir slys og atvinnutengda sjúkdóma.	LG forstjóri og GK verkstjóri	Gera áhættumat fyrir fyrirtækið og framkvæma nauðsynlegar úrbætur. Öll vinna er í samræmi við Vinnuverndarlögin. Hafa áhættumatið lifandi og aðgengilegt öllu starfsfólki. Skrá öll slys og næstum slys.
Sjá til þess að starfsmenn fái nauðsynlega fræðslu og þjálfun við störf sín.	GK verkstjóri	Að starfsmenn hafi grunnþekkingu á sviði vinnuverndar með því að sækja námskeið og hafa aðgang að fræðsluefni tengt vinnuvernd. Hafa vinnuvernd hluta af nýliðafræðslu. Ræða við starfsfólk eftir ákveðinn reynslutíma.
Hafa vinnuverndina virka í daglegum rekstri fyrirtækisins.	GK verkstjóri	Aldrei að gefa afslátt á vinnuverndinni. Áhættumat um öll ný og óvenjuleg störf. Hafa vinnuferla skýra og fylgja verklagsreglum. Opin fyrir breyttum og bættum aðferðum.
Að vélar, tæki og varasöm efni stofni ekki lífi og heilsu starfsfólks í hættu.	GK verkstjóri	Tryggja að starfsmenn hafi viðeigandi réttindi og kunnáttu á þær vélar og tæki sem eru notuð. Öryggisblöð fyrir hættumerkt efni séu til staðar.
Stuðla að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan starfsmanna.	LG forstjóri og GK verkstjóri	Stuðla að fjölbreyttum verkefnum fyrir alla starfsmenn. Að starfsmenn hafi mikið sjálfræði og sveigjanleika við vinnuna. Að starfsmenn styðji og hjálpi hver öðrum.
Tryggja öryggi starfsmanna sem vinna einir.	GK verkstjóri	Hafa samskiptaleiðir eða boðleiðir skýrar. Öll verk skipulögð þannig að einhver viti hvar starfsmenn eru og hvenær vinna líkur. Hafa alltaf síma á sér.
Hafa virka viðbragðs- og rýmingaráætlun vegna t.d. eldsvoða, jarðskjálfta, flóða o.fl. Slökkvibúnaður og skyndihjálparbúnaður.	LG forstjóri og GK verkstjóri	Hafa flóttaleiðir vel merktar. Halda rýmingaræfingar. Yfirfara reglulega neyðar- og slökkvibúnað.